

Fundargerð - Stjórn FRÍ

Fundur númer: 4. fundur stjórnar FRÍ 2026-2028

Fundartími: Fimmtudagur 4. júní 16.30-17.30

Staðsetning: Fjarfundur

Fundarstjórn: Sveinn Margeirsson

Fundarritun: Rannveig Oddsdóttir

Fundarmæting: Aðalstjórn: Sveinn Margeirsson (SM), Katrín Jakobsdóttir (KJ), Sonja Sif Jóhannsdóttir (SSJ), Rannveig Oddsdóttir (RO), Trausti Stefánsson (TS)

Varastjórn: Jón Örn Árnason (JÖÁ) og Áslaug Pálsdóttir (ÁP)

Forfölluð:

Skrifstofa:

Gestir:

1. Fundarsköp

- Fundur og fundarboðun lögmæt
- Rafrænt afgreidd erindi frá síðasta fundi:
 - Tillaga afreksnefndar um fyrri úthlutun úr afrekssjóði samþykkt af stjórn.

2. Þjóðarleikvangur - staða vinnu

- Fundi með Ingu Sæland mennta- og barnamálaráðherra hefur aftur verið frestað, nú vegna veikinda hennar. Óljóst hvenær hún kemur til baka. Ákveðið að bíða eftir frekari upplýsingum um það og meta þá hvort beðið verður eftir að hún komi til baka eða rætt við Ragnar Þór Ingólfsson sem gegnir embættinu í fjarveru Ingu.
- Ákveðið að óska eftir fundi með borgarstjóra og forstjóra íþróttar og tómstundaráðs.

3. Samskipti og samvinna við alþjóða frjálsíþróttasambandið

- Rætt um bréf frá alþjóða frjálsíþróttasambandinu og boð á EM í Birmingham. Hversu mikla áherslu viljum við leggja á að vera sýnileg innan alþjóða frjálsíþróttasambandið? Viljum við senda fulltrúa á EM í Birmingham? Skilar það einhverju fyrir starf FRÍ núna?
- Stjórnarmenn á því að þetta sé ekki það mikilvægasta núna. Mikilvægara að byggja upp aðstöðuna hér heima svo við getum farið að taka til okkar alþjóðleg mót.

4. Alþjóðleg mót um þessar mundir

- Íslenskir frjálsíþróttamenn hafa verið að ná góðum árangri á alþjóðlegum mótum undanfarið.
 - Bryndís Emla Einarisdóttir og Ísold Sævarsdóttir náðu lágmörkum fyrir EM þegar þær kepptu á European Challenger Championships. Bryndís í spjótkesti og Ísold í 100 m grindahlaupi.
 - Erna Sóley Gunnarsdóttir varð Norðurlandameistari í kúluvarpi og þrír íþróttamenn náðu öðru sæti á sama móti. Guðni Valur Guðnason í Kringlukasti, Sindri Hrafn Guðmundsson í Spjótkesti og Guðrún Karítas Hallgrímsdóttir í sleggjukasti.
 - Átta hlauparar taka þátt í EM í utanvegahlaupum næstu helgi og hefur Ísland sennilega aldrei átt sterkara lið á þeim vettvangi.

5. Hundraðasta meistaramót Íslands

- SM veltir því upp hvort það væri ástæða til að lyfta á mótinu þeim árangri sem íþróttamenn hafa náð á þessu ári?
- Ákveðið að ræða það við undirbúningsnefnd hvort þetta er hægt. Skoða líka hvort viðkomandi

Íþróttamenn verða á mótinu.

5. Fjölskylduhlaup FRÍ og TM

- Verður haldið næstkomandi sunnudag 7. júní. Stjórnarmenn sem hafa tök á hvattir til að mæta.

6. Staða fjármála

- Það er verið að leggja lokahönd á uppgjörið fyrir fyrri hluta ársins og það verður klárt á næstu vikum.
- Það tókst ekki að landa samningi við Kappahl eins og vonir stóðu til.
- Reynt var að ná samningi við TM um keppnisnúmer sumarsins, en þau treystu sér ekki í það á þessu ári.
- Verið að þreifa fyrir sér á öðrum stöðum en ekkert fast í hendi.
- Rætt um það til hverra við viljum leita eftir styrkjum. Hversu miklu máli skiptir orðspor fyrirtækja?

7. Reglugerð um aga og siðanefnd

- Drög að reglugerð um aga- og siðanefnd voru lögð fram og kynnt á fundinum. Ákveðið var að vísa málinu til laganefndar sem og aga- og siðanefndar til frekari umfjöllunar. Málinu verður síðan framhaldið í samræmi við 17. gr. laga FRÍ og starfsreglur stjórnar vegna reglugerðarbreytinga.

8. Önnur mál

- Næsti fundur ákveðinn 25. júní kl. 16.30.